

AUGLÝSING

116

16. okt.

um undanþágu útlendinga, sem hingað koma til landsins,
frá því að hafa vegabréf.

Með tilvisun til 1. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum 24. maí 1937, hefir ráðuneytið ákveðið, að eftirtaldir menn skuli undanþegnir þeirri kvöð að þurfa að sýna vegabréf við komu sína til landsins.

1. Farþegar svokallaðra skemmtiferðaskipa, sem fara með skipinu aftur.
2. Farþegar millilandaskipa, sem tekið hafa sér far með skipinu aftur í sömu ferð þess.
3. Lögskráð áhöfn skipa og loftfara.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

FYRIRMÆLI

117

16. okt.

til sýslumanna, bæjarfógeta, lögreglustjóra og annara löggæzlumanna
um framkvæmd eftirlits með útlendingum.

Útlendingaeftirlitið.

1. gr.

Sérstök stofnun, útlendingaeftirlitið, sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins, fer með störf þau, sem nefndu ráðuneyti eru falin með lögum nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum.

2. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, hér eftir nefndir einu nafni lögreglustjórar, skulu hafa eftirlit með komu útlendinga til landsins og dvöl þeirra í landinu, hver í sínu umdæmi.

3. gr.

Útlendingaeftirlitið setur, þar sem ástæða þykir til, sérstaka eftirlitsmenn vegabréfa. Annarstaðar skulu lögreglustjórar sjálfir framkvæma eftirlit með vegabréfum, (vera eftirlitsmenn vegabréfa) eða fela það öðrum löggæzlumönnum eða sérstökum umboðsmönnum sínum.

Koma útlendinga til landsins.

4. gr.

Hvenær sem skip eða loftfar, komið frá útlöndum, tekur hér land, skal eftirlitsmaður vegabréfa fara um borð.

5. gr.

Eftirlitsmaður tekur við farþegaskrá skipstjóra eða loftfarsstjóra og gætir þess, að allir farþegar séu þar skráðir. Jafnframt athugar hann, að áhöfn sé í samræmi við skipshafnarskrá skips eða starfsmannaskrá loftfars.

117

16. okt.

Eftirlitsmaður athugar síðan vegabréf þeirra, sem skyldir eru að hafa vegabréf, og gætir þess, að þau séu í löglegu formi. Skal eftirlitsmaður sérstaklega athuga stöðu eða atvinnu vegabréfshafa og ríkisfang hans, svo og hvenær vegabréf rennur út. Eftirlitsmanni ber og að athuga, hvort nokkur þau einkenni séu á vegabréfi, er bent geti til að það sé falsað.

6. gr.

Nú er ekki svo ástætt um útlending, sem í 8. og 9. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður veita honum leyfi til landgöngu og árita vegabréf hans á þessa leið:

Vegabréfaskoðunin
(dagsetning)
(lögsagnarumdæmi)

8. gr.

Ef útlendingur, sem ekki á hér fast heimilisfang, er að einhverju leyti tortryggilegur, er kominn hingað til þess að setja á stofn eða starfrækja fyrirtæki, leita sér atvinnu, fást við einhverja starfsemi í tekjuöflunarskyni, eða ætlar að dveljast hér lengur en 3 mánuði, þá veitir eftirlitsmaður honum landgönguleyfi með því skilyrði, að hann gefi sig fram hjá lögreglustjóra innan ákveðins frests, sem ekki skal fara fram úr viku, og geri þar þá grein fyrir sér sem krafizt er, enda taki ákvæði 9. gr. ekki til hans. Einnig getur eftirlitsmaður sett þau önnur skilyrði fyrir landgönguleyfi, er honum þykir við þurfa.

Vegabréfið skal eftirlitsmaður árita á þessa leið:

Leyfð landganga í hinn með því skilyrði, að vegabréfshafi gefi sig fram á lögreglustöðinni í fyrir hinn og hlíti þeim fyrir-mælum, sem honum eru þar sett.

Vegabréfaskoðunin
(dagsetning)
(lögsagnarumdæmi)

9. gr.

Nú er útlendingur sérstaklega tortryggilegur, eða eftirlitsmaður hefir ákveðna ástæðu til að halda, að koma hans hingað til lands sé gagnstæð lögum, og skal hann þá synja honum um landgöngu.

Í eftirtöldum tilfellum ber eftirlitsmanni undantekningarlaust að synja útlendingi landgöngu:

- 1) Ef hann hefir ekki vegabréf, en er þó skyldur til þess.
- 2) Ef vegabréf hans má telja falsað eða veigamiklar líkur eru fyrir því að svo sé.
- 3) Ef vegabréf hans er í verulegum atriðum frábrugðið fyrir-mælunum um það, hvernig vegabréf skuli vera.
- 4) Ef hann er eftirlýstur afbrotamaður, eða vitað er um, að hann hafi drýgt glæpi, svívirðilega að almenningssáliti, þar sem hann hefir áður dvalizt.
- 5) Ef honum hefir áður verið vísað úr landi eða synjað um landgönguleyfi.
- 6) Ef hann er laumufarþegi.
- 7) Skipverji, sem fara á af skipi, en dómsmálaráðherra hefir ekki leyft, að afskráður væri hér á landi.
- 8) Ef hann er hingað kominn í atvinnuleit eða til þess að fara í atvinnu, án þess að hafa leyfi atvinnumálaráðherra til þess að stunda hér atvinnu.
- 9) Ef hann er bjargbrota eða eftirlitsmaður hefir ákveðna ástæðu til að ætla, að hann fái ekki framfært sig, meðan hann dvelst hér.

- 10) Ef eftirlitsmaður hefir fengið sérstök fyrirmæli um það frá lögreglustjóra eða 117
útlendingaeftirlitinu.

16. okt

10. gr.

Nú synjar eftirlitsmaður útlendingi um landgöngu, og skal hann þá skýra skipstjóra eða loftfarsstjóra frá því og leggja fyrir hann að gæta þess að viðlagðri ábyrgð, að útlendingur fari ekki í land. Ef eftirlitsmanni þykir ástæða til, getur hann í þessu skyni sett útlendinginn í hald, annaðhvort um borð eða í landi. Skal svo litið á, að útlendingur hafi ekki stigið hér á land, þótt hann hafi verið hafður í slíku haldi.

Jafnframt skal eftirlitsmaður taka í sínar vörslur vegabréf og önnur kenniskjöl útlendinga.

11. gr.

Eftirlitsmaður skal þegar í stað tilkynna lögreglustjóra þá ákvörðun sína að synja manni um landgöngu. Lögreglustjóri rannsakar það mál og fellir úrskurð um það.

12. gr.

Útlendingi, sem lögreglustjóri hefir synjað um landgöngu, er heimilt að áfrýja þeim úrskurði til dómsmálaráðherra, enda verði því við komið án þess að dráttur verði á brottför hans eða annað tjón hljótt af. Lögreglustjóri skal aðstoða útlending við áfrýjun úrskurðarins.

13. gr.

Nú er útlendingi samkvæmt framansögðu synjað um landgöngu, og skal þá skipi eða loftfari því, er hann hefir komið með, skylt að flytja hann af landi burt aftur ríkinu að kostnaðarlausu.

Nú hlýzt kostnaður af komu slíks útlendinga hingað til lands vegna vanrækslu eða óhlýðni skipstjóra eða loftfarsstjóra, og varðar það þá hlutaðeigandi útgerð og umboðsmenn hennar hér á landi ábyrgð samkvæmt 4. gr. 2. mgr. laga nr. 59, 1936, um eftirlit með útlendingum.

14. gr.

Nú hefir eftirlitsmaður leyft útlendingi landgöngu með því skilyrði, að hann gefi sig fram hjá lögreglustjóra, og skal þá lögreglustjóri taka mál hans til rannsóknar, þegar er hann gefur sig fram. Ef ástæða er til, bókar hann skýrslu útlendinga í gerðabók (sbr. 24. gr.), en gerir ella athugasemd um hana á landgönguspjald (sbr. 26. gr.).

15. gr.

Nú þykir lögreglustjóra landsvist útlendinga varhugaverð og skal hann þá þegar í stað leggja það mál fyrir útlendingaeftirlitið, sem leitar um það úrskurðar dómsmálaráðherra.

16. gr.

Lögreglustjóri skal gera þær ráðstafanir, sem honum þykir við þurfa, til að tryggja návist útlendinga, meðan fullnaðarákvörðun er ekki tekin um, hvort honum skuli leyfð landsvist. Kostnað af slíkum ráðstöfunum skal útlendingur bera.

17. gr.

Nú ætlar útlendingur að dveljast hér lengur en 3 mánuði, og skal þá lögreglustjóri afhenda honum dvalarskírteini, enda telji hann ekki landsvist útlendinga varhugaverða (sbr. 15. gr.). Nú eru börn undir 16 ára að aldri í fylgd með foreldri sínu og fá þau þá ekki sérstakt dvalarskírteini, heldur skal geta þeirra í dvalarskírteini foreldris. Fyrir dvalarskírteini skal greiða 2 krónur.

117

16. okt.

18. gr.

Nú hefir útlendingur komið hingað til lands, án þess að fá dvalarskírteini, og skal hann þá gefa sig fram hjá lögreglustjóra, þegar er dvöl hans er orðin 3 mánuðir, og gefa skýrslu um hagi sína og fyrirætlanir. Afhendir lögreglustjóri honum þá dvalarskírteini, ef hann hefir skilyrði til áframhaldandi landsvistar hér.

19. gr.

Útlendingaeftirlitið leggur til eyðublöð undir dvalarskírteini og ræður gerð þeirra.

20. gr.

Dvalarskírteini skal útlendingur sýna, þegar hann tilkynnir bústaðaskipti (sbr. 34. gr.), svo og hvenær sem löggæzlumenn krefjast þess.

21. gr.

Dvalarskírteini veitir útlendingi ekki sérstök réttindi til landsvistar hér á landi, og taka ákvæði laga um brottvisun útlendinga úr landi jafnt til þeirra, sem hafa dvalarskírteini, sem annara.

22. gr.

Um leið og lögreglustjóri afhendir dvalarskírteini, skal hann kynna útlendingi ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga og önnur atriði, eftir því sem ástæða er til.

23. gr.

Nú vanrækir útlendingur að gefa sig fram á lögreglustöð innan þess tíma, sem eftirlitsmaður hefir tekið til, og skal þá lögreglustjóri rannsaka það mál þegar í stað og senda útlendingaeftirlitinu símleiðis tilkynningu um það.

Gerðabók um útlendinga.

24. gr.

Lögreglustjóri heldur sérstaka gerðabók um útlendinga, löggilta af dómsmálaráðuneytinu.

Í gerðabók skal færa:

- 1) Skýrslur, sem teknar eru af útlendingum um hagi þeirra og fyrirætlanir og ekki þykir ástæða til að taka fyrir rétti.
- 2) Úrskurði um synjun landgönguleyfis.
- 3) Ákvarðanir um brottvisun útlendinga og framkvæmd hennar.

25. gr.

Lögreglustjóri skal taka afrit af öllum bókunum í gerðabók, svo og fylgiskjölum hennar og senda jafnóðum og samstundis til útlendingaeftirlitsins.

Lögreglustjóri skal einnig senda til útlendingaeftirlitsins afrit af öllum réttarrannsóknnum, er útlendinga varða.

Skráning útlendinga, er koma til landsins.

26. gr.

Eftirlitsmaður vegabréfa skal láta alla erlenda ríkisborgara, er til landsins koma, þar með talda danska ríkisborgara, útfylla landgönguspjöld, áður en þeir stíga í land.

Undanþegnir því að útfylla landgönguspjöld skulu þó vera:

- 1) Farþegar svokallaðra skemmtiferðaskipa, sem fara með skipinu aftur.
- 2) Lögskráð áhöfn skipa og loftfara.

27. gr.

117

Útlendingaeftirlitið leggur til eyðublöð undir landgönguspjöld og ræður gerð þeirra. Þau mega vera með dönskum, norskum, sænskum, enskum, þýzkum og frönskum texta.

28. gr.

Eftirlitsmaður skal gæta þess, að landgönguspjöld séu útfyllt nákvæmlega og undandráttarlaust og með svo greinilegri skrift, að auðveld séu aflestrar.

29. gr.

Eftirlitsmaður auðkennir landgönguspjöld þeirra útlendinga, sem hann veitir þegar í stað landgönguleyfi, tölumerkinu 1 í hægri horni, landgönguspjöld danskra ríkisborgara tölumerkinu 2 og landgönguspjöld þeirra, sem hann visar til lögreglustjóra, tölumerkinu 3.

30. gr.

Landgönguspjöld 1 og 2 afhendir eftirlitsmaður þegar í stað lögreglustjóra umdæmisins. Landgönguspjöld 3 sendir hann til lögreglustjóra þess, er viðkomandi útlendingur á að gefa sig fram við.

31. gr.

Lögreglustjóri skal halda spjaldskrá yfir útlendinga í umdæmi sínu, og varðveitir í henni landgönguspjöld 3. Hann skal færa jafnóðum inn á spjaldskrána allar upplýsingar og tilkynningar varðandi þá.

32. gr.

Lögreglustjóri skal þegar í stað senda til útlendingaeftirlitsins í Reykjavík landgönguspjöld 1 og 2 og eftirrit af landgönguspjöldum 3. Hann skal og jafnóðum og hann færir upplýsingar og tilkynningar inn á spjaldskrá sína senda útlendingaeftirlitinu afrit af því.

33. gr.

Útlendingaeftirlitið færir spjaldskrá yfir alla útlendinga á landinu eftir þeim gögnum, sem lögreglustjórar senda því, samkvæmt ákvæðum þessara fyrirmæla.

Tilkynningar útlendinga.

34. gr.

Útlendingur, sem hefir dvalarskírteini, skal tilkynna lögreglustjóra eða hreppstjóra, ef hann skiptir um bústað. Nú flyzt útlendingur milli lögsagnarumdæma og skal hann þá tilkynna bústaðaskiptin í báðum umdæmum.

Er hreppstjóri tekur við tilkynningu, skal hann þegar í stað gera lögreglustjóra aðvart.

35. gr.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal votta í dvalarskírteini útlendinga, að bústaðaskipti hafi verið tilkynnt.

36. gr.

Lögreglustjóri skal gera athugasemd í spjaldskrá sína um bústaðaskipti útlendinga og tilkynna útlendingaeftirlitinu strax.

37. gr.

Nú flyzt útlendingur milli lögsagnarumdæma, og skal þá lögreglustjóri umdæmis þess, er útlendingur flyzt frá, tilkynna það lögreglustjóra umdæmis þess, er hann flyzt til, og senda landgönguspjald hans.

117

16. okt.

38. gr.

Nú flyzt útlendingur af landi burt, og skal þá lögreglustjóri senda landgöngu-spjald hans til útlendingaeftirlitsins.

Brottför útlendinga af landinu.

39. gr.

Eftirlitsmaður vegabréfa krefur skipstjóra og loftfarsstjóra um skrár yfir farþega, sem fara burt af landinu.

Jafnframt skal eftirlitsmaður láta útlendinga, sem taka sér far af landi brott, útfylla sérstök brottfaraspjöld.

40. gr.

Útlendingaeftirlitið leggur til eyðublöð undir brottfaraspjöld og ræður gerð þeirra. Þau mega vera með dönskum, norskum, sænskum, enskum, þýzkum eða frönskum texta.

41. gr.

Útlendingar, sem hafa dvalarskirteini, skulu skila þeim til eftirlitsmanns, um leið og þeir útfylla brottfaraspjöld.

42. gr.

Eftirlitsmaður afhendir lögreglustjóra brottfaraspjöld. Hann leiðréttir eftir þeim spjaldskrá sína, en sendir þau síðan til útlendingaeftirlitsins ásamt dvalarskirteinum.

Skráning útlendinga, búsettra hér á landi.

43. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá um útlendinga, búsetta hér á landi, samkvæmt manntali 1937, og láta þá fylla út sérstök upplýsingaspjöld, er útlendingaeftirlitið leggur til og ræður gerð á.

Upplýsingaspjöldin skulu geymd í spjaldskrá yfir útlendinga og skal eins með þau fara og landgönguspjöld þeirra útlendinga, er til landsins koma.

44. gr.

Lögreglustjóri sendir afrit af upplýsingaspjöldunum til útlendingaeftirlitsins, svo og síðari áritunum á þau um bústaðaskipti og annað.

Refsiákvæði.

45. gr.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í lögum nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum, og varða brot gegn fyrirmælunum refsingum eftir 12. gr. þeirra laga.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.